

Áætlana- og þróunarskrifstofa

## **Stöðulýsing á heilbrigðisupplýsingum**

- lágmarkskröfur til gagnagrunna og upplýsingakerfa -

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið  
Reykjavík 2000

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2. ALMENN LÝSING Á ÞÖRF FYRIR HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR</b> .....	<b>4</b>
<b>3. YFIRLIT YFIR NÚVERANDI SKRÁNINGU HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA</b> .....	<b>6</b>
3.1 LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ .....	6
3.2 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ.....	7
3.3 HAGSTOFA ÍSLANDS.....	7
3.4 ÞJÓÐHAGSSTOFNUN .....	7
3.5 RÍKISBÓKHALD .....	8
3.6 VINNUEFTIRLIT RÍKISINS.....	8
3.7 LYFJAEFTIRLIT RÍKISINS.....	8
3.8 TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS .....	9
3.9 MANNELDISRÁÐ .....	9
<b>4. UPPLÝSINGAR SEM MIÐLAÐ ER TIL ERLENDRA AÐILA</b> .....	<b>10</b>
<b>5. YFIRLIT YFIR SKRÁR</b> .....	<b>13</b>
5.1 LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ .....	13
5.2 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ.....	40
5.3 HAGSTOFA ÍSLANDS .....	47
5.4 ÞJÓÐHAGSSTOFNUN .....	52
5.5 RÍKISBÓKHALD .....	54
5.6 VINNUEFTIRLIT RÍKISINS.....	58
5.7 LYFJAEFTIRLIT RÍKISINS.....	59
5.8 TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS .....	74
5.9 MANNELDISRÁÐ .....	112
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>113</b>
VIÐAUKI 1: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ .....	114
VIÐAUKI 2: HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ .....	122
VIÐAUKI 3: HAGSTOFA ÍSLANDS .....	125
VIÐAUKI 4: VINNUEFTIRLIT RÍKISINS.....	127
VIÐAUKI 5: ÞJÓÐHAGSSTOFNUN .....	130
VIÐAUKI 6: ERLENT SAMSTARF .....	136
VIÐAUKI 7: LÖG OG REGLUGERÐIR ER VARÐA HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR .....	136
VIÐAUKI 8: HEILSUFARSKANNANIR.....	138
<b>LISTI YFIR SKRÁR</b> .....	<b>139</b>

# 1. Inngangur

Eitt af verkefnum heilbrigðisyfirvalda er stefnumótun, áætlana- og skýrslugerð í heilbrigðismálum. Til að geta sinnt þessu hlutverki er mikilvægt að hafa góðar tölfraðilegar upplýsingar sem lýsa ástandi mála á hverjum tíma. Þá hafa yfirvöld skyldum að gegna við miðlun heilbrigðisupplýsinga til erlendra aðila sem eykur enn frekar þörf fyrir slíkar upplýsingar. Samanburður á heilbrigðisupplýsingum getur komið að gagni við stefnumótun heima fyrir.

Þótt stjórnvöld beri ábyrgð á að nýta heilbrigðisupplýsingar, t.d. við stefnumótun, þá hvílir ábyrgð á skráningu upplýsinganna einkum á þeim sem veita þjónustuna, heilbrigðisstofnunum af ýmsu tagi, svo sem heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, hjá Tryggingastofnun o.fl. Mikilvægt er að vel sé staðið að frumskráningu, að samræmdar skilgreiningar og vinnureglur liggi fyrir um skráninguna og þeim sé fylgt. Slíkt auðveldar úrvinnslu og eykur gæði upplýsinganna sem koma til með að nýtast betur.

Upplýsingar sem yfirvöld heilbrigðismála hafa þörf fyrir eru ekki eingöngu af efnahagslegum toga heldur varða þær ekki síður þætti sem gefa vísbendingu um heilbrigðisástand þjóðarinnar og hvernig megi bæta það. Upplýsinga er þörf um heilbrigðisútgjöld, sjúkrastofnanir og starfsemi þeirra, aðföng (t.d. aðstöðu og mannafla) og nýtingu þeirra, tíðni sjúkdóma og slysa, árangur meðferðarúrræða, lyf, lyfjanotkun, dánarmein, forvarnir og árangur þeirra o.s.frv. Upplýsingarnar þurfa að vera áreiðanlegar, aðgengilegar, staðlaðar og byggðar á samræmanlegum grunni.

Skipta má upplýsingum í tvo meginhópa, þ.e. heildrænar (macro) og sértækar (micro). Heildrænar upplýsingar fjalla um meginstærðir heilbrigðiskerfisins, t.d. fjölda íbúa, aldursskiptingu, útgjöld stofnana og starfsemi, tíðni sjúkdóma o.s.frv. Sértækar upplýsingar eru upplýsingar sem snúa að einstökum þáttum og/eða hópum einstaklinga, t.d. kostnaður við ákveðin meðferðarúrræði, útgjöld við deild innan sjúkrahúss eða starfsþátt innan deildar, tíðni heimsókna einstaklings eða fjölskyldu á heilsugæslustöð o.s.frv.

Til að móta raunhæfa stefnu verða heilbrigðisyfirvöld að hafa greiðan aðgang að báðum gerðum af upplýsingum. Grundvöllur að góðri stefnumótun felst í upplýsingum um alla meginþætti viðkomandi máls og þau atriði sem hafa verður í huga við framkvæmd stefnumótunar. Við áætlanir til að framfylgja stefnunni og skýrslugerð er þörf á viðamiklum upplýsingum. Upplýsingarnar þurfa að vera á þannig formi að hægt sé að færa þær milli kerfa, t.d. við söfnun á upplýsingum frá nokkrum aðilum í sama gagnasafn, sem unnið er með í tengslum við stefnumótun.

Heildrænar upplýsingar um heilbrigðismál eru aðallega birtar af fjórum aðilum, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, landlæknisembættinu, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun. Tilkoma gagnagrunns á heilbrigðissviði verður viðbót við núverandi söfnun og úrvinnslu upplýsinga á heilbrigðissviði, þó að ekki sé með öllu ljóst hvernig það verði. Gera má ráð fyrir að með gagnagrunninum verði til tæki til m.a. nánari úrvinnslu og rannsókna á einstökum vel skilgreindum verkefnum í stefnumótun. Í gagnagrunninum verða færðar upplýsingar sem eru skilgreindar í

starfsleyfi ráðherra til rekstrarleyfishafa. Magn gagna í gagnagrunninum til úrvinnslu á opinberri heilbrigðisölfraði er takmarkað þar sem 5% þjóðarinnar hefur nú þegar sagt sig frá væntanlegum gagnagrunni. Þegar valið stendur milli t.d. upplýsinga sem landlæknisembættið eða aðrir opinberir aðilar geta aflað um alla Íslendinga, eða gagnagrunns sem nær til um 95% af Íslendingum, verður að vege og met við hvaða upplýsingasafn eigi að styðjast við úrvinnslu upplýsinga.

Miðað er við að núverandi söfnun og úrvinnsla á upplýsingum um heilbrigðismál myndi grunn að framtíðarþróun á viðkomandi sviði. Gerð er krafa til þess að við uppbyggingu gagnagrunna og upplýsingakerfa um heilbrigðismál verði tekið mið af því að þau uppfylli a.m.k. þær kröfur um umfang og mögulega úrvinnslu sem núverandi gagnagrunnar og upplýsingakerfi bjóða upp á í dag. Íslensk heilbrigðisyfirvöld munu áfram vinna að því að bæta gæði heilbrigðisupplýsinga þar sem kröfur um yfirgripsmiklar og nákvæmar heilbrigðisupplýsingar fara vaxandi. Sú stöðulýsing sem hér birtist er um leið grunnur að kröfulýsingu fyrir lágmarksskráningu upplýsinga sem safnað verður í gagnagrunna heilbrigðisþjónustunnar á næstu árum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði 18. maí 1999 vinnuhóp til þess að vinna yfirlit yfir allar upplýsingar um heilbrigðismál sem reglubundið eru skráðar hjá opinberum aðilum hér á landi.

Í vinnuhópnum eiga sæti:

Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, formaður  
Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur  
Sigríður Haraldsdóttir ritstjóri heilbrigðisskýrslna  
Sigríður Vilhjálmsdóttir þjóðfélagsfræðingur  
Símon Steingrímsson verkfræðingur  
Sveinn Magnússon skrifstofustjóri  
Guðmundur Gylfi Guðmundsson deildarstjóri

Starfsmaður hópsins er Daði Einarsson, sérfræðingur við áætlana- og þróunarskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Í eftirfarandi skýrslu er að finna yfirlit yfir núverandi söfnun hagtalna um heilbrigðismál og aðrar heilbrigðisupplýsingar. Ennfremur er yfirlit yfir þarfir ráðuneytisins, landlæknisembættisins, Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnunar og fleiri opinberra aðila fyrir tölulegar og aðrar upplýsingar um heilbrigðismál á aðgengilegu formi. Þessar upplýsingar eru einkum ætlaðar til gerðar heilbrigðisskýrslna, landhagsskýrslna, áætlana og mats á árangri þeirra, stefnumótunar og annarra verkefna á vegum fyrrgreindra aðila. Skýrslan lýsir núverandi stöðu mála, en þó vantar nokkuð á að upplýsinga um skrár séu ávallt gerð fullnægjandi skil. Skýrslan verður endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári og áfram verður unnið á grundvelli hennar að eflingu samstarfs opinberra aðila sem fást við söfnun og úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga. Mikilvægt er að áframhaldandi þróun og uppbygging gagnagrunna heilbrigðisþjónustunnar taki mið af því að breikka og bæta þann þekkingargrunn sem nú þegar liggur fyrir.

## 2. Almenn lýsing á þörf fyrir heilbrigðisupplýsingar

Í samræmi við ýmis lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli hefur aðilum eins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, landlæknisembættinu, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun verið falið að safna saman og vinna upplýsingar um heilbrigðismál og tengd efni. Mikilvægt er að þessir aðilar hafi náðið samstarf sín á milli þar sem þeir eru oft hver öðrum háðir með upplýsingar. Þá er ekki síður nauðsynlegt að stofnanir og samtök sem starfs síns vegna skrá og safna upplýsingum um heilbrigðismál hafi samstarf við ofangreinda aðila. Sérstaklega er mikilvægt að viðkomandi stofnanir og samtök miðli þeim upplýsingum sem gerir mögulegt að fylgjast með öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, t.d. lyfjum, sérfræðiþjónustu og rannsóknnum. Í viðauka 7 er að finna lista yfir lög og reglugerðir sem varða skráningu, söfnun og úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga. Eftirfarandi eru helstu flokkar upplýsinga um heilbrigðismál, sem eru mikilvægar við stjórnun og áætlanagerð í heilbrigðismálum.

- Lýðfræðilegar upplýsingar, t.d. tölur um fólksfjölda, aldurskiptingu, lífslíkur o.s.frv., sbr. kafla 3.3. um Hagstofu Íslands. Lýðfræðilegar upplýsingar gefa grundvallarupplýsingar um stærð og samsetningu þjóðarinnar sem eru grunnur að mörgum áætlunum um kostnað og árangur í heilbrigðismálum.
- Heilsufarusupplýsingar, t.d. tíðni sjúkdóma, fjölda slysa o.s.frv., sbr. t.d. kafla 3.1. um landlæknisembættið. Heilsufarusupplýsingar varða heilsufar og þróun þess yfir ákveðið tímabil og heilbrigðisyfirvöld þarfnast þeirra til að meta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu, bæði almennt og í sambandi við ákveðna sjúkdóma.
- Kostnaðarupplýsingar, t.d. útgjöld til heilbrigðismála, rekstrartölur, kostnaður við mannafla o.s.frv., sbr. t.d. kafla 3.4. um Þjóðhagsstofnun og 3.8. um Tryggingastofnun. Kostnaðarupplýsingar ná bæði yfir almennar rekstrartölur og sértækari upplýsingar eins og meðferðarkostnað. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegur þáttur í markvissu hagræðingar- og þróunarstarfi í heilbrigðiskerfinu.
- Meðferðarupplýsingar, t.d. hvaða meðferðum er beitt, hver er árangur af meðferðum, o.s.frv., sbr. t.d. kafla 3.1. um landlæknisembættið. Meðferðarupplýsingar eru ekki aðeins um meðferðir og árangur af þeim heldur gera þær mögulegt að tengja saman kostnað og árangur af meðferðum. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega mikilvægar til að bæta heilsufar og auka hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu svo að þeir fjármunir kerfisins nýtist sem best.
- Upplýsingar um nýtingu og afköst, t.d. nýtingu húsnæðis, sjúkrarúma og tækja, einnig tölur um fjölda lega, legudaga, aðgerða og koma í heilbrigðisþjónustunni o.fl., sbr. t.d. kafla 3.2. um heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og 3.1. um landlæknisembættið. Upplýsingar um nýtingu á aðstöðu og tækjum heilbrigðiskerfisins skipta sköpum þar sem stór þáttur í hagkvæmum rekstri kerfisins er að nýting sé eins nálægt hámarki og mögulegt er.
- Lyfjaupplýsingar, t.d. um innflutning, framleiðslu og sölu lyfja, notkun lyfja á sjúkrahúsum, upplýsingar um ávísuð lyf o.s.frv., sbr. t.d. kafla 3.1 um landlæknisembættið og 3.2. um heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Lyf eru einn helsti kostnaðarliður í heilbrigðismálum og upplýsingar sem gera heilbrigðisyfirvöldum mögulegt að móta stefnu og reglur í þessum málum eru því

sérlega mikilvægar. Þörf er fyrir upplýsingar sem taka til lyfjamála frá innflutningi eða framleiðslu til afhendingar á lyfinu til sjúklings.

- Almannatryggingaupplýsingar, t.d. upplýsingar um bótaþega og bótagreiðslur o.s.frv., sbr. kafla 3.8. um Tryggingastofnun. Almannatryggingar eru einn stærsti málaflokkur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og skiptist hann í þrjá meginflokka, þ.e. lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar. Brynt er að hafa yfirgripsmiklar upplýsingar um málaflokkinn til að fylgja eftir markmiðum laga. Reglugerðir og aðrar ákvarðanir varðandi málaflokkinn þarf að vanda og til þess þarf mikið af upplýsingum um alla þætti kerfisins.
- Upplýsingar úr heilsufarskönnunum. Kannanir á lífskjörum og heilsufari, heilsuefingu, tóbaksneyslu o.fl. gefa mikilvæga mynd af ástandi heilbrigðismála og veita oft upplýsingar sem ekki fást með öðrum hætti eða bæta upp tölfræðilegar upplýsingar sem fyrir eru. Kannanir á viðhorfum einstaklinga til eigin heilsu og þjónustu heilbrigðiskerfisins gefa yfirstjórn heilbrigðismála þýðingarmiklar upplýsingar. Æskilegt væri að heilsufarskannanir væru gerðar reglubundið.
- Umhverfisupplýsingar, t.d. um mengun, hættur í vinnuumhverfi o.s.frv., sbr. t.d. kafla 3.6. um Vinnueftirlit Ríkisins. Umhverfið hefur mikil áhrif á heilsufar, bæði æskileg og óæskileg. Ljóst er að heilbriggt lífferni og góðar vinnuaðstæður ýta undir heilbrigði og vellíðan. Með upplýsingum um umhverfisþætti er hægt að greina bæði núverandi og líkleg framtíðarvandamál varðandi heilsufar og taka á þeim í tæka tíð.

Stofnanir og samtök sem safna saman heilbrigðisupplýsingum eru hvattar til að hafa samstarf við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun um viðhald tölvuskráningar og áframhaldandi þróun hennar. Leitast skal við að taka upp nýjungar á sviði upplýsingamiðlunar sem best koma að notum á hverju sviði. Allt þetta samstarf hefur að markmiði að efla upplýsingaöflun og gera hana markvissari. Þróun á söfnun og vinnslu heilbrigðisupplýsinga er á ábyrgð framangreindra aðila.

Mikilvægt er að þessir aðilar hafi greiðan aðgang að upplýsingum sem þá varða. Æskilegt er að færsla á gögnum sé að mestu á tölvutæku formi og ferli beiðna um upplýsingar taki eins stuttan tíma og kostur er.

### 3. Yfirlit yfir núverandi skráningu heilbrigðisupplýsinga

Nú safna ýmsir aðilar upplýsingum um heilbrigðismál og er skráning með nokkuð mismunandi hætti. Aðilar sem safna upplýsingum eru aðallega opinberir en nokkur félagasamtök sem vinna skráningu sína í samstarfi við opinbera aðila, aðallega landlæknisembættið. Helstu aðilar sem fást við söfnun og úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga eru landlæknisembættið, Hagstofa Íslands, Tryggingastofnun Ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Þjóðhagsstofnun og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Ekki eru allar upplýsingar sem þessir og aðrir aðilar safna færðar í tölvuskrár. Nokkuð er um að upplýsingar séu skráðar á eyðublöð til frekari úrvinnslu síðar, en þó hefur aukist að þær séu strax færðar í tölvuskrár. Eftirfarandi er umfjöllun um hvaða skráning fer fram á vegum ofangreindra og annarra aðila. Farið verður yfir hverja stofnun og upplýsingar sem viðkomandi aðilar safna, en töflur yfir hvaða upplýsingar er að finna í hverri skrá í 5. hluta. Ekki verður útlistað nákvæmlega hvaða breytur eru skráðar, en þess er getið í viðaukum við skýrsluna ef viðkomandi upplýsingar liggja fyrir.

Ekki er víst að allar upplýsingarnar séu á nægjanlega samræmdu formi til að hægt sé að nota þær saman. Margt getur haft áhrif á það, t.d. reglur um flokkun gagna, skilgreiningar sem notaðar eru við skráningu og nákvæmni skáningar. Mikla varúð verður að viðhafa við notkun upplýsinga sem ekki eru á samræmdu formi og mikilvægt að draga ekki of víðtækar ályktanir af upplýsingum sem byggjast á mismunandi forsendum.

#### 3.1 Landlæknisembættið

Eitt af meginhlutverkum landlæknisembættisins er að sjá um söfnun upplýsinga frá heilbrigðisstarfsmönnum og stofnunum. Af þeim sökum er embættið vel í stakk búíð til að hafa yfirgripsmikið yfirlit um heilbrigðismál í landinu, séu því tryggðir nægjanlegir fjármunir og mannaflí. Landlæknir starfar skv. lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og er í góðri aðstöðu skv. þeim til þess að þróa skráningu og úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga. Jafnframt safnar hann miklum hluta þessara upplýsinga saman. Þannig hafa margir flokkar upplýsinga upphaf og endi á sama stað. Sífellt meiri eftirspurn er eftir upplýsingum úr heilbrigðiskerfinu og er heilbrigðistöflfræði vaxandi þáttur í starfsemi embættisins. Landlæknisembættið hefur haft ákveðna grunnþætti að leiðarljósi við söfnun upplýsinga um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. Leitast er við að afla upplýsinga um sjúkdóma og dánarorsakir, um heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir, um eðli og umfang samskipta íbúa við heilbrigðisþjónustu og um forvarnir. Auk skráa sem landlæknisembættið sér sjálft um hefur landlæknir falið Krabbameinsfélagi Íslands að halda krabbameinsskrá, kvennadeild Landspítalans að halda læknisfræðilega fæðingarskrá og rannsóknarstofu Hjartaverndar að halda skrá um bráðar kransæðastíflur (MONICA). Landlæknir útbýr dánarvottorðsáeyðublöð og á hans vegum er farið yfir öll dánarvottorð og þau leiðrétt ef með þarf. Hagstofa Íslands sér síðan um að skrá upplýsingar af dánarvottorðum og semja skýrslur um dánarorsakir.

Landlæknisembættið heldur ennfremur nokkrar skrár sem ekki eru tölvuskráðar vegna þess hve fáar skráningar eru á hverju ári. Skrárnar eru yfirleitt í formi eyðublaða sem ekki hefur mikið verið unnið úr.

### **3.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála skv. 1. mgr. 2. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt skv. 4. gr. sömu laga. Ráðuneytið heldur nokkrar skrár sem aðallega fjalla um sjúkrahúsmál, öldrunarmál og lyfjamál. Skránum er ætlað að auðvelda stjórnslu og stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins. Eitt hlutverk þess er að gefa út starfsleyfi til lögverndaðra heilbrigðisstétta og er sérstakur gagnagrunnur fyrir þá starfsemi. Í viðauka 2 er m.a. yfirlit yfir allar lögverndaðar heilbrigðisstéttir ásamt lögum og/eða reglugerðum sem eiga við viðkomandi stétt. Sjúklingabókhaldið inniheldur upplýsingar um innlagnir, aðgerðir, lengd legutíma o.fl. frá sjúkrahúsunum. Þær upplýsingar sem er að finna í sjúklingabókhaldinu nýtast ráðuneytinu við mat á starfsemi sjúkrahúsa og stefnumótun innan ráðuneytisins. Í lyfjamálum eru tvær skrár, þ.e. lyfjaskrá - heilðsölur og ávana- og fíkniefnaskrá, en í þær eru skráðar allar leyfisveitingar varðandi lyf og undanþágur til að hafa eftirlit með innflutningi lyfja. Í öldrunarmálum eru þrjár skrár, þ.e. RAI-mat, vistunarmat aldraðra og vistrými aldraðra. Tvær fyrrnefndu skrárnar eru notaðar til að meta þörf fyrir vistun og umhönnun á öldunarstofnunum, vistrýmisskráin er yfirlit yfir núverandi framboð á rýmum á öldunarstofnunum.

### **3.3. Hagstofa Íslands**

Hagstofu Íslands er skv. lögum nr. 24/1913 ætlað að halda utan um söfnun upplýsinga varðandi landshagi Íslands. Af þeim sökum er mikið af upplýsingum sem með beinum eða óbeinum hætti tengjast heilbrigðismálum. Auk þess að halda utan um dánarmeinaskrá, fæðingarskrá, skrá um vistrými aldraðra og skrá yfir áfengisviðskipti leyfishafa hefur Hagstofan með höndum Þjóðskrána sem er að mörgu leyti grunnskrá í áætlanagerð í heilbrigðisþjónustu. Spár um aldurssamsetningu þjóðarinnar og mannfjölda eru grunnstærðir í áætlanagerð og stefnumótun í heilbrigðismálum til lengri tíma.

### **3.4. Þjóðhagsstofnun**

Þjóðhagsstofnun heldur utan um þjóðhagsreikninga skv. lögum nr. 54/1974 og þar er að finna ýmsar upplýsingar um heilbrigðismál, þ.e. kostnað við rekstur heilbrigðiskerfis landsmanna, bæði kostnað opinberra aðila og einstaklinga. Þjóðhagsreikningarnir eru byggðir á alþjóðastöðlum og upplýsingar um heilbrigðisútgjöld eru flokkuð í nokkra meginflokka, t.d. sjúkrahús, lyf, heilsugæsla

o.s.frv. Þjóðhagsreikningarnir skapa möguleika á að bera saman útgjöld á Íslandi við sambærileg útgjöld annarra landa í sömu málaflokkum.

### **3.5. Ríkisbókhald**

Ríkisbókhald starfar skv. lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og hefur þann meginstarfa að halda utan um bókhald ráðuneyta og stofnana ríkisins. Þar sem ríkisbókhald heldur utan um bókhald ríkisstofnana er þar að finna miklar upplýsingar um rekstur heilbrigðisstofnana og mjög nákvæmar rekstrarupplýsingar. Ennfremur er í launakerfi ríkisins að finna mikilvægar upplýsingar um mannafla heilbrigðiskerfisins. Þau tvö kerfi sem snúa að heilbrigðismálum eru launakerfi ríkisins og bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins (BÁR).

### **3.6. Vinnueftirlit ríkisins**

Vinnueftirlitið starfar skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og heldur skrá um vinnuslys þar sem eftirlitið er kallað til að rannsaka eða tilkynningar berast um. Skráin inniheldur skráningarþætti sem varða aðstæður, orsakir og afleiðingar vinnuslysa. Skráin hefur nýst til rannsókna á vinnuslysum og til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir vinnuslys. Mikið af reglum og aðgerðum Vinnueftirlitsins eru tilkomnar vegna rannsókna sem byggjast vinnuslysaskrá eftirlitsins.

### **3.7. Lyfjaeftirlit ríkisins**

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með innflutningi, framleiðslu, dreifingu, sölu og notkun á lyfjum á Íslandi skv. Lyfjalögum, nr. 93/1994. Lyfjaeftirlitið safnar miklu magni af upplýsingum um lyfjamál og er mikill fengur í þeim fyrir íslenska heilbrigðistölfræði. Flestar fjalla skrárnar beint um lyfjamál svo sem skrá um apótek, lyfjaútibú, lyfjasölur lækna, lyfjasölur sveitarfélaga, sjúkrahúsapótek, lyfjaframleiðendaskrá, lyfjaheildsöluskrá, umboðsmenn lyfjaframleiðenda, stofnanaskrá, læknastöðvaskrá o.s.frv. Nokkrar skrárnar fjalla óbeint um lyfjamál eins og dýralæknaskrá og lyfjafræðikandidataskrá. Allar gegna þessar skrár því hlutverki að gefa Lyfjaeftirlitinu yfirlit yfir lyfjanotkun og þá aðila sem koma að lyfjamálum, t.d. með ávísun lyfja. Læknaskrá er hjá landlæknisembættinu og hefur Lyfjaeftirlitið aðgang að henni. Með upplýsingum frá Lyfjaeftirlitinu getur ráðuneytið og Tryggingastofnun betur unnið að stefnumótun og kostnaðarstýringu í lyfjamálum þar sem kostnaður við lyfjamál er einn af stærstu einstöku útgjaldaliðum sem heyra undir heilbrigðismál.

### **3.8. Tryggingastofnun ríkisins**

Tryggingastofnun (TR) starfar skv. lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Í tölvukerfum TR er að finna mikið magn af upplýsingum um atriði sem varða starfsemi stofnunarinnar, en notkun þeirra er miklum takmörkunum háð þar sem tölvunefnd hefur sett ströng skilyrði fyrir notkun gangagrunna TR. Ekki eru allar upplýsingar í tölvukerfum TR heilbrigðisupplýsingar, u.þ.b. helmingur er upplýsingar um félagsmál svo sem lífeyrisgreiðslur, greiðsla bóta o.s.frv. Heilbrigðishluti upplýsinga TR nær eingöngu um grunn að greiðslum, t.d. vegna lyfja, læknistaknaðar o.s.frv. Skrár í tölvukerfi TR eru yfir 40 talsins og hafa verið endurskoðaðar vandlega á undanförunum árum og mun endurskoðunin halda áfram á næstu árum.

### **3.9. Manneldisráð**

Manneldisráð starfar skv. lögum um manneldisráð, nr. 45/1978. Hlutverk ráðsins er að vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál. Ráðið heldur skrá um fæðuframboð á Íslandi og þar er að finna yfirlit yfir framboð þrettán fæðuflokka í kg á mann á ári, ásamt undirflokkum og orku og orkuefnum.

#### 4. Upplýsingar sem miðlað er til erlendra aðila

Heilbrigðisupplýsingum er miðlað til ýmissa erlendra aðila. Íslensk stjórnvöld hafa tekist þá skyldu á herðar að miðla upplýsingaum um heilbrigðismál til alþjóðlegrar skýrslugerðar. Helst er um að ræða samskipti vegna Norðurlandasamstarfs, Evrópusamstarfs, samstarfs við OECD og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Auk þess eru nokkrir aðilar sem vinna á sérsviðum, t.d. að lyfjamálum sem óska eftir reglubundnum upplýsingum. Þá er fyrirspurnum erlendra aðila, bæði alþjóðastofnanna og ríkja, svarað og er fjöldi þeirra fyrirspurna mismunandi frá ári til árs. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum erlendu samskiptum.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfa tvær nefndir sem safna ítarlegum upplýsingum um félags- og heilbrigðismál. Þetta eru NOSOSKO (Nordisk Socialstatistisk Komité) og NOMESKO (Nordisk Medicinalstatistisk Komité). Hvor um sig er skipuð þremur fulltrúum frá hverju Norðurlandanna fimm. Nefndirnar hafa sameiginlega skrifstofu og ritara sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

NOSOSKO eða norræn hagskýrslunefnd á sviði félagsmála er fastanefnd sem starfað hefur frá árinu 1946. Höfuðverkefni hennar er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum og gefa út bók um þann samanburð. Í ritinu er ennfremur fjallað um skipulag þessara mála í hverju landi og birtar tölur um fjölda þeirra sem fá bætur o.þ.h. Ritið heitir Social Tryghed og kom það út þriðja hvert ár fram til ársins 1996 en kemur nú út árlega í breyttri mynd.

Umsjón með útgáfunni er í höndum ritnefndar sem skipuð er fulltrúum allra Norðurlandanna fimm. Efni ritsins hefur verið í sífelldri endurskoðun og áhersla lögð á að gera það sem best samanburðarhæft. Fulltrúi Íslands í ritnefndinni sér um öflun upplýsinga í ritið frá ýmsum aðilum hér á landi, m.a. Hagstofunni, Tryggingastofnun o.fl. Algengt er að sérstakir starfshópar skipaðir nefndarmönnum vinni tímabundið að tilteknum verkefnum í umboði NOSOSKO.

Öll Norðurlöndin fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Evrópusambandið hefur nú tekið upp svonefnda ESSPROS-flokkun við sundurliðun útgjalda félags- og heilbrigðismála og hefur NOSOSKO unnið að samræmingu norræna flokkunarkerfisins og ESSPROS. Hagstofa Íslands annast miðlun upplýsinga vegna ESSPROS.

NOMESKO eða norræn nefnd um heilbrigðisskýrslur gefur út Heilbrigðisskýrslur Norðurlanda (Helsestatistik for de nordiske lande) árlega. Umsjón með útgáfunni er í höndum ritnefndar sem skipuð er fulltrúum allra Norðurlandanna. Efni ritsins er í stöðugri endurskoðun og kapp lagt á að ná fram sem bestri samræmingu við hagtölugerðina. Á vegum NOMESKO starfa vinnuhópar, yfirleitt til skamms tíma, sem taka ákveðna þætti til nánari skoðunar. Fulltrúi Íslands í ritnefndinni sér um öflun efnis í ritið hér á landi en upplýsingarnar eru frá landlæknisembættinu, Hagstofu Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Þjóðhagsstofnun Krabbameinsfélaginu, Manneldisráði o.fl.

Þing og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur samþykkt *Health monitoring programme (HMP)* fyrir árin 1997-2001. Fimmsta skrifstofa framkvæmdastjórnar ESB og Eurostat (hagstofa ESB) standa sameiginlega að áætluninni. Tilgangurinn með henni er að meta heilsufar og ýmsar sértækar ráðstafanir ESB. Til þess þarf sambærilegar hagtölur um heilbrigðismál. Yfir HMP er sérstök nefnd skipuð fulltrúum allra aðildarlanda áætlunarinnar, þar á meðal Íslands sem tekið hefur þátt frá árinu 1998. Undirbúningur að áætluninni hefur staðið yfir í nokkurn tíma. Ákveða þarf hvers konar heilbrigðisupplýsingum verði safnað reglubundið og hvernig, samræma þarf skilgreiningar, aðgerðir o.fl. Þetta starf fer einkum fram í þremur vinnuhópum sem skipaðir eru sérfræðingum frá átta til tíu aðildarlöndum auk sérfræðinga ESB. Þá taka OECD, WHO o.fl. þátt í þessu starfi en áhersla er lögð á að náðið samstarf sé á milli þessara aðila til að forðast skörun og tvíverknað. Fundur er haldinn einu sinni á ári í vinnuhópi um heilbrigðistölfræði með fulltrúum allra ESB-landanna auk Íslands og Noregs og nokkurra alþjóðastofnana. Þar er farið yfir starf þriggja sérfræðingahópa, gerð grein fyrir tilteknum þróunarverkefnum sem unnið er að og ákvarðanir teknar um næstu skref. Hefur Ísland þurft að leggja til efni vegna slíkra verkefna. Hagstofan sendir tölur um mannfjölda og dánarorsakir til Eurostat en annars hefur miðlun efnis vegna þessarar Evrópusamvinnu verið að takmörkuðu leyti tölfræðilegs eðlis enn sem komið er. Það á eftir að breytast.

Efnisöflun fyrir gagnagrunn OECD um heilbrigðismál fer fram árlega. Er efnið sem óskað er eftir mjög víðtækt og nær yfir upplýsingar allt frá árinu 1960. Þjóðhagsstofnun sér um þann þátt sem lýtur að útgjöldum til heilbrigðismála og fleira því tengt en Hagstofa um annað. Leita þarf eftir upplýsingum víða að, m.a. frá landlæknisembættinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu o.fl. Efnið hefur verið að þróast smám saman, skilgreiningar skerptar og nýjum atriðum bætt við. OECD gefur út geisladisk árlega með upplýsingum (töflum og skilgreiningum) úr gagnagrunninum. Enn vantar nokkuð á að hægt sé að uppfylla allar óskir OECD um upplýsingar og á það ekki bara við um Ísland heldur önnur lönd einnig.

Gagnagrunnur WHO (European Region) tengist “Health for All” áætluninni sem var samþykkt árið 1980. Upphaflega voru sett fram 38 markmið og í tengslum við þau voru skilgreindir tölulegir mælikvarðar sem aðildarríkjum var ætlað að safna upplýsingum fyrir. Upplýsingum hefur verið safnað frá öllum aðildarríkjum á tveggja til sex ára fresti eftir eðli upplýsinga og úr hefur orðið HFA-gagnagrunnurinn. Á nokkurra ára fresti hefur einnig farið fram mat á árangri varðandi upphaflegu markmiðin og hafa þá m.a. þessir tölulegur mælikvarðar verið lagðir til grundvallar. Árið 1998 samþykkti WHO nýja “Health for All” áætlun. Í henni eru skilgreind 21 markmið fyrir 21. öldina (Health21). Í tengslum við áætlunina var samþykktur listi af mælikvörðum árið 1999 sem er í raun endurskoðun á eldri lista. Aðildarríki hafa samþykkt að safna áfram upplýsingum fyrir þessa mælikvarða og leggja mat á árangur. Landlæknisembættið hefur séð um að safna saman upplýsingum frá Íslandi fyrir HFA-gagnagrunnin. Embættið hefur sótt þær að hluta til úr eigin gagnagrunnum en jafnframt leitað til fjölda annarra um upplýsingar, svo sem Þjóðhagsstofnunar, Hagstofu Íslands, Krabbameinsfélagsins, Hjartaverndar o.fl. Ákveðnar skilgreiningar liggja að baki mælikvörðum í HFA-gagnagrunninum og hefur verið leitast við að aðlaga íslenskar tölur að þessum skilgreiningum.

Ennfremur er ýmsum upplýsingum varðandi heilbrigðismál miðlað til ýmissa annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Reynt er eftir megni að sinna fyrirspurnum sem berast um heilbrigðisupplýsingar. Ekki hefur alltaf verið hægt að miðla eins nýjum upplýsingum um heilbrigðismál á Íslandi og æskilegt væri til erlendra aðila sem Íslendingar eiga í reglubundnum samskiptum við. Það er álit vinnuhópsins að mikilvægt sé að þeir aðilar sem sinna upplýsingagjöf til erlendra aðila samræmi betur starf sitt til að nýta betur þann takmarkaða mannafla sem vinnur að þessum málum hér á landi.

## 5. Yfirlit yfir skrár

### 5.1. Landlæknisembættið

<b>Heiti skrár:</b>	Biðlistaskrá
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Biðlistar berast landlækni þegar óskað er og að jafnaði hefur það verið tvisvar til þrisvar á ári, jafnvel oftar ef þörf er á. Skv. nýju skipulagi mun þeim verða safna þrisvar á ári. Nýlega gaf landlæknir út tilmæli um breytingar á skráningu biðlista (hluti af lágmarksskráningu).
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Access
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1988
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Aðgengi takmarkað
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Frá 1. janúar 1999: Sjúkrastofnun fyrirhugaðrar innlagnar, tegund sjúklings ásamt kennitölu hans, biðtími sjúklings, hver vísaði sjúklingi, tímamörk innlagnar, dagsetning forathugana, ástæður afskráningar af biðlista ef um slíkt er að ræða og ástæður væntanlegrar innlagnar.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Frá yfirlæknum deilda sjúkrahúsa
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Ýmist tölvutækt eða á pappír
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	Samkeyrslur á kennitölum
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Samantekt
<b>Notkun á skránni:</b>	Stjórnsýsla, stofnanir, almenningur?
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	Verður sett á heimasíðu landlæknis
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Stefnt að gefa þá út 15.–20. október, janúar og maí.
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - heilsugæsla í skólum
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um heilsugæslu í skólum eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Excel-tölflur
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	Með sama sniði frá 1989, safnað a.m.k. frá 1933 (sjá athugasemd neðar)
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Umdæmi, heilsugæsla, skóli, bekkur, fjöldi nemenda, læknisskoðun, samskipti við hjúkrunarfræðing, tilvísanir, eftirlitsnemendur, sjónpróf, heyrnarmælingar, hljóðholismælingar, berklapróf og bólusetningar
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Beint frá heilsugæslunni
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Tölvutæku
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Með sama sniði frá 1989. Yfirlitstöflur hafa birst í Heilbrigðisskýrslum frá 1933. Hlé varð á 8. og 9. áratugnum en þeim árum hafa verið gerð skil í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem Hrafn Friðriksson sá um útgáfu á.

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - heimahjúkrun
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um heimahjúkrun eftir aldri og kyni eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Excel-tölflur
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1984
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Fjöldi einstaklinga og vitjana eftir heilsugæslustöðvum, eftir aldri og kyni.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Frá heilsugæslustöðvum
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Ýmist á pappír eða tölvutæku formi
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	Þekkt vanskráning
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur eftir heilsugæslustöðvum og samanburður í tíma og rúmi.
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	NOMESKO, OECD, WHO
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - mæðra og ungbarnavernd
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um mæðra- og ungbarnavernd eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Excel töflur
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1973 /1989*
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Fjöldi kvenna og skoðana í mæðravernd, unbarnaeftirlit í heimahús, fjöldi barna og ungbarnaskoðana eftir aldri.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Frá heilsugæslustöðvum og Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Pappír/diskar
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	Í samræmi við skráningu stöðva
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	Ekki reglubundið
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Tölur fyrir Reykjavík eru til lengra aftur í tímann.

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - ónæmisaðgerðir
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um ónæmisaðgerðir eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Excel-töflur.
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	19?? /1989*
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Fjöldi ónæmisaðgerða eftir tegundum, aldursflokkum og heilsugæslustöðvum. Ónæmisaðgerðir í skólum yfirleitt taldar sérstaklega.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Beint frá heilsugæslunni
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Tölvutæku/eyðublöðum
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	Fyrir hefur komið að stöðvar hafa ekki sent skýrslur fyrir eintök ár.
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Ársyfirlit eftir heilsugæslusvæðum og tegundum bólusetninga.
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Sjá einnig upplýsingar frá Smitsjúkdómalækni. * Yfirlit yfir bólusetningar hafa birst í Heilbrigðisskýrslum eftir að reglubundnar bólusetningar gegn mismunandi sjúkdómum hófust.

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - samskipti
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um samskiptafjölda eftir kyni og aldri og samskiptatílefni eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Access
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1989*
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir.
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Samskiptamáti, kyn og árstími.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Heilsugæslunni
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Tölvutæku/eyðublöð
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	Kemur fyrir að ár detta út hjá einstaka stöðvum.
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	WHO, NOMESKO, OECD o.fl.
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Ónákvæmari tölur í Heilbrigðisskýrslum frá fyrri árum.

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði – sjúkdómsgrein.
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um sjúkdómsgreiningar eftir aldri og kyni eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Access
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1989*
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Greiningarnr. ICD9/10 eða Wonca, aldur og kyn.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Heilsugæslan
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Tölvutæk
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	Ýmsar rannsóknir
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Ekki hefur verið unnið úr upplýsingum frá öðrum árum en 1989. Beðið eftir að úrvinnsla verði auðveldari úr Sögu.

<b>Heiti skrár:</b>	Heilsugæslutölfræði - úrlausnir
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin hefur verið skrá um úrlausnir heilsugæslunnar eins og sú starfsemi birtist í tölfræðiyfirlitum frá heilsugæslunni. Ekki er hér að finna persónubundnar upplýsingar heldur er fyrst og fremst um almennar tölfræðiupplýsingar að ræða.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	Access
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1989*
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Engar aðgangstakmarkanir
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Fjöldi úrlausna eftir tegundum (sbr. flokkun) og kyni, þ.m.t. lyfjaávisanir.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Heilsugæslan
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Tölvutæk
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Yfirlitstöflur
<b>Notkun á skránni:</b>	Tölfræði
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Heilbrigðisskýrslur
<b>Athugasemdir:</b>	Ekki hefur verið unnið yfirlit úr nýrri árum. Beðið eftir fljótlegri leiðum í Sögu.

<b>Heiti skrár:</b>	Kvartanir og kærur
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Upplýsingar um kvartanir og kærur sem berast embættinu.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	FileMaker
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	1986
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Aðgengi takmarkað
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Upplýsingar um kvartanda og kvörtunarþola, tilefni kvörtunar eða kæru, málsmeðferð og aðgerðir landlæknis.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Frá kvartanda, kvörtunarþola o.fl.
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Á pappír
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Ársyfirlit og önnur úrvinnsla eftir þörfum.
<b>Notkun á skránni:</b>	Eftirlit
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	Eingöngu þeir aðilar sem að málinu koma.
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	Kallað eftir gögnum.
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Venjulega í ársskýrslu landlæknis.
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Lyfjakort
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Haldin er skrá um þá sem fá afhent ákveðin lyf sem telja má ávanabindandi, t.d. amfetamín.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Takmarkað við einn starfsmann embættisins.
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Skammtastærðir, dagsetningar auk kennitölu og læknanúmers.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	
<b>Notkun á skránni:</b>	
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Lyfjaskrá eftirritunarskyldra lyfja
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Lyfjaeftirlit ríkisins
<b>Stutt lýsing:</b>	Lyfjaskrá eftirritunarskyldra lyfja berst reglulega frá Lyfjaeftirliti Ríkisins.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Aðgengi takmarkað
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Læknir sem ávísar lyfinu, dagsetning lyfseðils, lyf (norrænt vörunúmer) og lyfjaflokk (ATC), dagskammt (DDD) og hver fær lyfið, þ.e. nafn og kennitala.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	
<b>Notkun á skránni:</b>	
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Læknaskrá
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Skrá yfir alla lækna sem hafa leyfi til að starfa á Íslandi.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	FileManager
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	Tölvutæk frá 1985.
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Aðgengi er takmarkað.
<b>Helstu skráningarþættir:</b>	Númer, nafn, kennitala, heimili, kandiðatsár, kandiðatsland, dagsetning læknaleyfis, sérgreinar og dagsetningar þeirra.
<b>Hvaðan koma gögn í skrána:</b>	Úr umsóknum einstaklinga o.fl.
<b>Á hvaða formi eru gögnin:</b>	Slegin inn hjá landlækni.
<b>Hver eru gæði gagnanna:</b>	
<b>Hvaða úrvinnsla fer fram hjá vörsluaðila:</b>	Fjöldi leyfa og sérgreina eftir árum.
<b>Notkun á skránni:</b>	Í stjórnsýslu og tölfræði.
<b>Er upplýsingum úr skránni miðlað til annarra aðila, og þá til hverra:</b>	Hluti af stofnskrárupplýsingum á sjúkrahúsum. Apótek o.fl.
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna skráningar:</b>	
<b>Með hvaða hætti eru samskipti við aðra aðila vegna úrvinnslu:</b>	
<b>Hvernig útgefið:</b>	Sem tölvuskrá.
<b>Athugasemdir:</b>	

<b>Heiti skrár:</b>	Sjálfsvíg og tilraunir til sjálfsvíga í Reykjavík
<b>Vörsluaðili:</b>	Landlæknisembættið
<b>Ábyrgð á skráningu:</b>	Landlæknisembættið
<b>Stutt lýsing:</b>	Um nokkurt skeið var safnað saman upplýsingum um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir í Reykjavík. Þetta var tímabundið verkefni.
<b>Hvaða forrit eða skráningarmáti er notast við:</b>	
<b>Hvenær hófst skráning:</b>	
<b>Aðgangstakmarkanir:</b>	Aðgengi takmarkað.
